

### SKÝRINGAR

Þrjú sjálfstæð loftræsikerfi eru í skólanum auk tveggja útsogskerfa. Sameiginlegt loftinntak er fyrir öll kerfin í steyptum turni norðan við húsið, þaðan sem loftið er dregið um rör í jörðu inn í blásaraklefa í kjallara hússins, inn á samstæðurnar. Á svipaðan hátt er loftútkastið fyrir öll kerfin um rist við kjallaratröppur.

**Kerfi 1:**  
Kerfi 1 er fyrir fjölnotasal, leiksvið, anddyri og tónlistarherbergi. Heildarafköst eru um 7500 rúmmetrar á klst. Loft er dregið inn úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið inn um hljóðgildru, stokka og innblástursristar inn í rýmin. Í stokkunum inn í tónlistarherbergið er eftirhitari. Ef flekaveggir eru lokaðir fer loftið um hljóðdeyfðar yfirstraumristar inn í anddyri og er dregið út um útsogsristar í kennslustofum og eina stóra á göngum, um stokka og hljóðgildru og síðan kastað út um útkastsríst við kjallaratröppur. Hitastýring er tvískipt, reglir með tveimur fjölstöðutöngum stýrir uppblöndun og hita í fjölnotasal, og annar með einum útgangi stýrir eftirhitara fyrir tónlistarstofuna. Stýrandi hitanemarnir eru staðsettir á vegg í viðkomandi rýmum, en takmarkandi er í framrásarstokki. Takmörkun er á uppblöndunarhlutfallinu.

**Kerfi 2:**  
Kerfi 2 er fyrir skólasafn og hópherbergi, afköst eru um 1800 rúmmetrar á klst. Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið um hljóðgildru, stokka og innblásturtúður inn í rýmin. Frá rýmum fer loftið um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar fram á gang. Hitastýring er með fjölstöðuregli, stýrandi hitanema í rýminu og takmarkandi í framrásarstokki.

**Kerfi 3:**  
Kerfi 3 er fyrir bðð og búningsklefa. Afköst innblásturs eru um 1200 rúmmetrar á klst., en útsogs um 1600 rúmmetrar á klst., þannig að undirþrýstingur er í þessum rýmum gagnvart aðliggjandi rými. Loft er dregið úr loftinntakinu um loftsíu og lofthitara og blásið um hljóðgildru, stokka og innblásturristar inn í búningsklefana. Loft er dregið úr bððum um útsogsventla, stokka og hljóðgildru og kastað út. Hitastýring er með fjölstöðuregli, stýrandi hitanema í búningsklefa og takmarkandi í framrásarstokki.

**Kerfi 4:**  
Kerfi 4 er fyrir hústjórnareldhús og eru afköst útsogs 1900 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út yfir eldavélum um ristar með fitusíum, stokka og hljóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar.


**Kerfi 5:**  
Kerfi 5 er fyrir mötuneytiseldhús og eru afköst útsogs um 950 rúmmetrar á klst. Loft er dregið út yfir eldavél um háf í innréttingu, stokka og hljóðgildru og kastað út. Loft kemur inn af göngum um hljóðdeyfðar yfirstraumsristar.

Blásarar eru tveggja hraða. Við venjulegar aðstæður að degi til og ekkert sérstakt að gerast í fjölnotasal skal gangur þeirra vera eftirfarandi:

- a) B1 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- b) B12 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- c) B13 gengur á minni hraða, 2/3 afköst.
- d) BÜ1 gengur á minni hraða, 1/2 afköst og spjaldloka SM1.2 er lokað.
- e) BÜ3 gengur á minni hraða, 2/3 afköst
- f) BÜ4 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi er lokað
- g) BÜ5 gengur að þörfum, hraðabreytir og rofi er hjá starfsmanni

Ef þörf er á meiri loftræsingu verða hnappar hjá húsverði sem setja B11, B12, og BÜ1 á full afköst í 2-4 klst. Að nóttunni gengur aðeins BÜ1 á minni afköstum og loka SM1.2 er lokað. Hiti er stilltu á stjórnstöðvum í blásaraklefa

26 JAN. 1995  
  
**ÁSKILD, ELDRÍ TEKNI OG GILD**



Teikn. nr.		Tilvisun á teikningu		Br.	Dags.	Eðli breytingar	Yt.	Sp.	AJM	AJM	Arnar Magnússon	Dagsetning	21.04.1994	Verk nr.	94.01	Tekn. nr.	2.30-B1	Málsvorb.	1:XX
						B1	05.05.94	Loftmagn í kerfi 3.		AJM									
<b>AJM-Lagnahönnun</b> Arnar J. Magnússon, Langumýri 26, 210 Garðabæ, s. 65 73 12 - fax. 65 73 12.										HVALEYRARSKÓLI, 2. ÁFANGI LOFTRÆSING KERFISMYND									